



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Eignaskrifstofa

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um lóðarleigusamninga vegna Háaleitisbrautar 12 og Lambhagavegs 12.

Á fundi borgarráðs, þann. 3. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

„Óskað er eftir að lagðir verði fyrir næsta fund borgarráðs sem haldinn verður 10. febrúar nk. lóðasamningar sem liggja til grundvallar þeim lóðum sem nú hafa verið afhentar Atlantsolíu og Skeljungu sem nú á Dæluna til uppbyggingar. Þessar lóðir eru Háaleitisbraut 12 og Lambhagavegur 12“

Svar:

Meðfylgjandi eru umræddir samningar.

Virðingarfyllst,


Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Lóðarleigusamningar fyrir Háaleitisbraut 12 og Lambhagaveg 12.

Háaleitisbraut 12

Landeignanúmer L103663
 Fasteignanúmer F2013864
 Staðgreinir 1.280.104



Hlaug

Lóðarleigusamningur fyrir atvinnuhúsnæði í Reykjavík

Lóðarleigusamningur fyrir lóðina, nr. 12 við Háaleitisbraut í Reykjavík, var upphaflega gefinn út 20. febrúar 1979 til 40 ára frá 1. janúar 1967. Samningur þessi fellur úr gildi með nýjum lóðarleigusamningi.

Samkvæmt ályktun borgarráðs þann 12. janúar árið 1999 eru þinglýstir eigendur á lóðinni Háaleitisbraut 12 hér í borg, leigjendur lóðarinnar af Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, sem lýst er í 1. grein hér á eftir með eftirgreindum skilmálum:


1. gr. Lóðin, **Háaleitisbraut 12**, hér í borg er **1.911 m²** að stærð. Lögum hennar og lega er sýnd á viðfestu mæliblaði Umhverfis- og skipulagssviðs, sem telst hluti þessa leigusamnings. Á lóðinni Háaleitisbraut 12 eru eftirtaldar kvaðir:
 - a. Almenn kvöð um hvers konar lagnir og jarðstrengi Orkuveitu Reykjavíkur (Veitna) sem þörf er á, legu þeirra og gröft á lóðinni.
 - b. Kvöð um ræsi.
2. gr. Lóðin er leigð til tveggja ára, talið frá 1. degi maí mánaðar árið 2019.
3. gr. Leigutaka er skylt að hlíta þeim skilmálum Reykjavíkurborgar sem varða lóðina, mannvirki á henni, lagnir, leiðslur og um frágang hennar sem og deiliskipulagsskilmálum og öðrum samþykktum sem um lóðina gilda. Leigutaki skal ganga frá yfirborði lóðar og gróðri í samræmi við samþykktu lóðaruppdrætti og viðhalda henni.
4. gr. Brjótí leigutaki verulega gegn ákvæðum þessa leigusamnings, er Reykjavíkurborg heimilt að segja honum upp. Skal Reykjavíkurborg þá greiða leigutaka sannvirði húss eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna. Flytji leigutaki hús af lóðinni, rífi niður, eða þau eyðileggjast af einhverjum ástæðum og leigutaki hefur ekki byggingu nýs húss innan 5 ára samkvæmt gildandi deiliskipulagi fellur leigusamningurinn úr gildi og fellur þá lóðin aftur til Reykjavíkurborgar, án uppsagnar eða endurgjalds.
5. gr. Ef gera þarf minniháttar breytingar/leiðréttingar á lóðarmörkum eða lóðarstærð eftir því sem í leigusamningi þessum stendur vegna umferðarleiða, lagna veitufyrirtækja eða annarra almannahagsmuna er Reykjavíkurborg heimilt að þinglýsa einhliða yfirlýsingu um leiðréttu lóðarstærð að undangenginni breytingu á deiliskipulagi skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Minniháttar breytingar/leiðréttingar á lóð til stækkunar eða


minnkunar í þessu sambandi merkja breytingar sem geta numið allt að 10% af lóðarstærð, eftir aðstæðum á hverjum stað, samkvæmt gildandi mæliblaði landupplýsingadeildar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ekki er þörf á deiliskipulagsbreytingu ef um að ræða leiðréttingu á lóðarstærð vegna uppmælingar lóðar sem hefur ekki áhrif á lóðarmörk.

6. gr. Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld sem lögð eru eða verða lögð á lóðina. Fjárnámsréttur er fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum, samkvæmt lögum um aðför nr. 90 frá 1989 og eru hús og önnur mannvirki á lóðinni að veði fyrir lóðargjaldinu.
7. gr. Ef samþykkt verður breyting á deiliskipulagi sem felur í sér aukinn byggingarrétt á lóð eða breytta húsagerð (t.d. úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði eða úr einbýlishúsi í parhús), áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að endurskoða söluverð byggingarréttar á viðkomandi lóð(um), og að innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt, verði hann nýttur af lóðarhafa. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar. Söluverð byggingarréttar skal ákvarðað með hliðsjón af söluverði sambærilegs byggingarréttar á nálægum lóðum. Ef ekki liggur fyrir markaðsverð byggingarréttar á nálægum lóðum og/eða ágreiningur er um markaðsverð, þá skal það metið af tveimur óvilhöllum og löggiltum fasteignasölum. Hvor aðili um sig, Reykjavíkurborg og lóðarhafi, tilnefna sinn hvorn matsmanninn. Ákvæðið gildir jafnt um lóðarleigusamninga fyrir íbúða- og atvinnuhúsalóðir.
8. gr. Ársleiga af lóðinni skal ákveðin af borgarstjórn, sbr. 2. gr. laga nr. 86 frá 1943 um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurborgar. Um innheimtu og gjalddaga leigunnar fer eftir þeim reglum er um innheimtu fasteignagjalda í Reykjavík gilda á hverjum tíma sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Standi leigutaki ekki skil á greiðslu lóðarleigunnar er heimilt að innheimta hana með aðför í húsum og mannvirkjum á lóðinni án undangengis dóms eða sáttar samkvæmt 9. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90 frá 1989 án undangengis dóms eða réttarsáttar. Lóðarleiga er tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum sem á lóðinni standa, í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1943. Um vexti og dráttarvexti fer eftir gildandi vaxtalögum á hverjum tíma og 5. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
9. gr. Vilji Reykjavíkurborg að loknum leigutímanum ekki leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi að láta hús, sem þá er/eru á lóðinni, standa þar áfram, skal greiða leigutaka sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna. Aðilar deila með sér matskostnaði. Hvor aðili um sig, Reykjavíkurborg og leigutaki, tilnefna sinn hvorn matsmanninn.
10. gr. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á henni eru. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart Reykjavíkurborg með þessum leigusamningi. Brot á leigusamningi þessum varðar þá sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum og hinn upphaflega leigutaka.
11. gr. Rísi ágreiningur um samning þennan skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


- 12. gr. Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu á leigusamningi þessum.
- 13. gr. Með undirritun sinni lýsir leigutaki því yfir að hann gengur að þessum leiguskilmálum og skuldbindur sig til að halda þá í öllum greinum.
- 14. gr. Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.


Reykjavík, 15. maí 2019.


 F.h. Reykjavíkuborgar
 skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

500269-3248
 Samhykkjun ÍSLANDS HF.
 PR.PR. OLIOVERZUNINGJÓNA EIGENDA:

 220162-2659

Vottar að rétttri dagsetningu,
 undirskrift og fjárræði leigutaka:


 Kt. 160872-5439



 Kt. 251277-3899

35
 Mælið 1.280,-
 Reykjavík 1.500

1:1000

1:1000

1:1000



HLUTAFÉLAGASKRÁ, GILDANDI SKRÁNING
Oliuverzlun Íslands ehf.

Skýrsla sótt: 21.05.2019 13:20

Kennitala 500269-3249
 Aðsetur Katrínartúni 2
 Starfsemi Heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti og skyldar vörur (46710)

Rekstrarform Einkahlutafélag (ehf)
 Póstnúmer 105 Reykjavík


Upplýsingar úr hlutafélagaskrá

Stofndagsetning	10.02.1969	Skráningardagsetning	29.08.1990
Gögn uppfærð	21.05.2019	Erlent aukaheiti	
Dagsetning samþykka	30.11.2018	Lögheimili	Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Stjórn félagsins skipa eftirtaldir samkvæmt fundi dags: 30.11.2018

Kennitala	Nafn og staða	Heimilisfang	Hlutafélagabátttaka
120961-3499	☞ Finnur Árnason (Stjórnarmaður)	Lækjarberg 52, 221 Hafnarfirði	(7)
090978-5949	☞ Guðrún Eva Gunnarsdóttir (Varamaður)	Lóuás 26, 221 Hafnarfirði	(7)

Firmað rita:

Meirihluti stjórnar

Framkvæmdastjórn

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Hlutafélagabátttaka
220162-2659	☞ Jón Ólafur Halldórsson	Bjarnhólastígur 10, 200 Kópavogi	(5)

Prókúruumboð

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Hlutafélagabátttaka
220162-2659	☞ Jón Ólafur Halldórsson	Bjarnhólastígur 10, 200 Kópavogi	(5)
060252-4169	☞ Eiríkur Jónsson	Vaðlasei 5, 109 Reykjavík	(1)
160872-5439	☞ Steingrímur Halldór Pétursson	Stigahlíð 68a, 105 Reykjavík	(9)

Endurskoðendur/skoðunarmenn

Kennitala	Nafn og staða	Heimilisfang	Hlutafélagabátttaka
590975-0449	☞ KPMG ehf. ()	Borgartúni 27, 105 Reykjavík	
270971-4909	☞ Hlynur Sigurðsson (löggiltur endurskoðandi)	Gvendargeisli 74, 113 Reykjavík	
071055-3029	☞ Eyvindur Albertsson (löggiltur endurskoðandi)	Bæjartún 9, 200 Kópavogi	

Hlutafé:

ISK 670.000.000

Hömlur á meðferð hlutabréfa:

Nei

Lausnarskylda á hlutum:

Nei

Tilgangur félagsins er verslun, aðallega með olíu og olíuafurðir, en jafnframt bæði smásala og heildsala með hverskyns aðrar vörur, rekstur fasteigna, skipa og annar atvinnurekstur eða þáttaka í atvinnurekstri samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.

Stofnendur

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Hlutafélagabáttaka
000000-6666	Hjalti Jónsson		
000000-6666	Richard Tórfason		
000000-6666	Hedinn Valdimarsson		
000000-6666	Magnús J. Kristjánsson		
000000-6666	Aðalsteinn Kristinsson		
000000-6666	Sigurður Jónasson		
000000-6666	Guðmundur Kr. Guðmundsson		

Ofangreindar upplýsingar eru unnar eftir fastmótuðum reglum af starfsmönnum Creditinfo. Reynt er að gæta þess að upplýsingar séu ávallt sem réttastar en sá fyrirvari er hér gerður að ekki er hægt að ábyrgjast að svo sé.

Þessi lína verður að fylgja prentuðum gögnum: N. 526177999 D. 2019-05-21 13:20:23

3746

0.910

1.280.104

53.441.825 = 1316 025

3746/49

FRUMRITID STUÐLAÐ
MED KR. 28.000

✓



BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

GJÓRIR KUNNUGT: Samkvæmt ályktun borgarráðs Reykjavíkur 25. febr. 1966 er með samningi þessum Olíuverzlun Íslands H/F, Reykjavík, leigð lóð sú, sem lýst er í 1. gr. hér á eftir, með eftirgreindum nánari skilmálum:

1. gr. Lóðin er talin nr. 12. við Háaleitisbraut hér í borg og er 1911 ferm. að flatarmáli, skv. viðfestum uppdrætti. Á lóðinni eru kvaðir um ræsi skv. viðfestum uppdrætti. Jafnframt er á lóðinni almenn kvöð um hvers konar lagnir borgarsjóðs eða stofnana hans, sem þörf er á.
2. gr. Lóðin er leigð undir benzínafgreiðslustöð, enda samþykki slökkvi-liðsstjóri allan öryggisútbúnað.
3. gr. Lóðin er leigð til 40 ára, frá 1. janúar 1967 að telja.
4. gr. Leiga eftir lóðina skal ákveðin skv. fyrirmælum laga nr. 86/1943. Borgarráð ákveður lengd hvers matstímabils. Gjaldldagi ársleigunnar er 1. júlí fyrir hvert líðandi ár (almanaksár) Leigugjald fyrir árið 1967 - 1972 er 15 kr. pr. ferm, fyrir hvert ár. Dráttarvexti skal greiða eftir sömu reglum og gilda um greiðslu dráttarvaxta af fasteignagjöldum til borgarsjóðs. Fyrir leigunni og dráttarvöxtum er lögtaksréttur skv. lögum 16. des. 1885
5. gr. Skatta, sem lagðir eru eða verða á lóðina, greiði leigutaki.
6. gr. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild, ásamt húsum og mannvirkjum, sem á henni hafa verið gerð Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki þrjú skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðareiganda með þessum leigusamningi.
7. gr. Leigutaki greiði kostnað við þinglestur og stimplun leigusamningsins
8. gr. Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.

Leigutaka er gerð
 Leigutaka í Reykjavík
 28. febr. 1979
 Gjald kr.: 600 Greitt
 Þórunn M. Jónsdóttir

Borgarstjórnin í Reykjavík, 20. febrúar 1979


Samþykktur:

Vottar:
 Gísli Guðmóð.
 Eiríkur Jónsson


 Olíuverzlun Íslands H.F.

Móttakið 28 / 2 19 79 kl. _____
og fært í veðmalaskrá í Leykjart. s.d. _____
Merki: ~~Lit~~ _____ nr. 3746/79
Gjald kr. 1000
Stimpilgjald - 28.000
Samtals kr. 29.000

Greitt




[Handwritten signature]

Fylgiblað með lóðarsamningi.

Háaleitisbraut	12	1.280.104
Nafn lóðar.	Nr.	Staðgreinir.
Fasteignamat lóðar		kr. 9.214.000.-
Ársleiga- 1978 0,58%		kr. 53.441.-





Höaleitisbraut

Aftamýri 15.00

Höaleitisbraut 12

APRIL AF MÆLI BLADI 1.280.1 1:500

SKRIFSTOFUR BORGARVERKFRÆÐINGS

MÆLINGAÐEILD

REYKJAVÍK 18. FEBR. 1977

Ragnar Arnarson




(20202)

15

30

35

40



9274

R18080162

INNFÆRT

14. SEP. 2018

Lambhagavegur 12

Landnúmer 216925
Fastanúmer 232-8257
Staðgreinir 2.498.201



Lóðarleigusamningur fyrir atvinnuhúsnæði í Reykjavík

Samkvæmt samþykkt borgarráðs þann 21. desember 2017 er:

IP eignarhald ehf. kt. 590399-2649

leigjendur lóðarinnar nr. 12 við Lambhagaveg af Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, sem lýst er í 1. grein hér á eftir með eftirgreindum skilmálum:

1. gr. Lóðin **Lambhagavegur 12**, hér í borg er **3918 m²** að stærð og er á henni gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði. Lögun hennar og lega er sýnd á viðfestu mæliblaði Umhverfis- og skipulagssviðs, Landupplýsingadeildar, dags. 20.10.2007, sem telst hluti þessa leigusamnings.

Á lóðinni Lambhagavegur 12, eru eftirtaldar kvaðir:

- Kvöð um bílastæði, þ.e. fjöldi og frágangur þeirra og aðkoma sé í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- Almenn kvöð um hvers konar lagnir Orkuveitu Reykjavíkur sem þörf er á.
- Kvöð um staðsetningu byggingarreits.

2. gr. Lóðin er leigð til 50 ára, talið frá 1. ágúst mánaðar árið 2018.

3. gr. Leigutaka er skylt að hlíta þeim skilmálum Reykjavíkurborgar sem varða lóðina, mannvirki á henni, lagnir, leiðslur og um frágang hennar sem og deiliskipulagsskilmálum og öðrum samþykktum sem um lóðina gilda. Skilmálarnir eru almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, sem samþykktir voru af borgarráði 13. júní 2013 og samþykktir deiliskipulagsskilmálar fyrir svæðið. Skilmálarnir eru hluti þessa samnings og fylgja með í viðauka við hann. Leigutaki skal ganga frá yfirborði lóðar og gróðri í samræmi við samþykta lóðaruppdrætti og viðhalda henni.

Verði tímamörk vegna liða a, b og c í grein 1.6., í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, frá 13. júní 2013, ekki virt getur borgarráð afturkallað lóðarúthlutun, sbr. gr. 1.14 í sömu skilmálum. Verði tímamörk vegna liða d og e í grein 1.6., ekki virt geta byggingarfulltrúi og Mannvirkjastofnun beitt ákvæðum 56. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010, sbr. og 2. og 3. mgr. greinar 2.9.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 um dagsektir og framkvæmdir á kostnað leigutaka.

4. gr. Óheimilt er að nota annað svæði en hina leigðu lóð undir uppgröft úr húsgrunni, byggingarefni og annað, sem að byggingarstarfsemi lýtur þ.m.t. vinnuskúra. Allar framkvæmdir/jarðrask utan lóðamarka eru óheimilar án skriflegs leyfis byggingarfulltrúans í Reykjavík. Óheimilt er að staðsetja gáma á lóðinni nema að fengnu stöðuleyfi byggingarfulltrúans í Reykjavík, sbr. gr. 2.6.1 í byggingarreglugerð.

5. gr. Brjóti leigutaki verulega gegn ákvæðum þessa leigusamnings, er Reykjavíkurborg heimilt að segja honum upp. Skal Reykjavíkurborg þá greiða leigutaka sannvirði húss eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna. Flytji leigutaki hús af lóðinni, rífi niður, eða þau eyðileggjast af einhverjum ástæðum og leigutaki hefur ekki byggingu nýs húss innan 5 ára samkvæmt gildandi deiliskipulagi fellur leigusamningurinn úr gildi og fellur þá lóðin aftur til Reykjavíkurborgar, án uppsagnar eða endurgjalds.
6. gr. Ef gera þarf minniháttar breytingar/leiðréttingar á lóðamörkum eða lóðarstærð eftir því sem í leigusamningi þessum stendur vegna umferðarleiða, lagna veitufyrirtækja eða annarra almannahagsmuna er Reykjavíkurborg heimilt að þinglýsa einhliða yfirlýsingu um leiðréttu lóðarstærð að undangenginni breytingu á deiliskipulagi skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Minniháttar breytingar/leiðréttingar á lóð til stækkunar eða minnkunar í þessu sambandi merkja breytingar sem geta numið allt að 10% af lóðarstærð, eftir aðstæðum á hverjum stað, samkvæmt gildandi mæliblaði landupplýsingadeildar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ekki er þörf á deiliskipulagsbreytingu ef um að ræða leiðréttingu á lóðastærð vegna uppmælingar lóðar sem hefur ekki áhrif á lóðamörk.
7. gr. Ef samþykkt verður breyting á deiliskipulagi sem felur í sér aukinn byggingarrétt á lóð eða breytta húsagerð (t.d. úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði eða úr einbýlishúsi í parhús), áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að endurskoða söluverð byggingarréttar á viðkomandi lóð(um), og að innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt, verði hann nýttur af lóðarhafa. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar. Söluverð byggingarréttar skal ákvarðað með hliðsjón af söluverði sambærilegs byggingarréttar á nálægum lóðum. Ef ekki liggur fyrir markaðsverð byggingarréttar á nálægum lóðum og/eða ágreiningur er um markaðsverð, þá skal það metið af tveimur óvilhöllum og löggiltum fasteignasölum. Hvor aðili um sig, Reykjavíkurborg og lóðarhafi, tilnefna sinn hvorn matsmanninn. Ákvæðið gildir jafnt um lóðarleigusamninga fyrir íbúða- og atvinnuhúsalóðir.
8. gr. Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld sem lögð eru eða verða lögð á lóðina. Fjárnámsréttur er fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum, samkvæmt lögum um aðför nr. 90 frá 1989 og eru hús og önnur mannvirki á lóðinni að veði fyrir lóðargjaldinu.
- Ársleiga af lóðinni skal ákveðin af borgarstjórn, sbr. 2. gr. laga nr. 86 frá 1943 um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurborgar. Um innheimtu og gjalddaga leigunnar fer eftir þeim reglum er um innheimtu fasteignagjalda í Reykjavík gilda á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Standi leigutaki ekki skil á greiðslu lóðarleigunnar er heimilt að innheimta hana með aðför í húsum og mannvirkjum á lóðinni án undangengis dóms eða sáttar samkvæmt 9. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90 frá 1989. Lóðarleiga er tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum, sem á lóðinni standa, í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1943. Um dráttarvexti fer eftir gildandi vaxtalögum á hverjum tíma og 5. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
9. gr. Vilji Reykjavíkurborg að loknum leigutímanum ekki leyfa leigutaka með nýjum lóðarleigusamningi að láta hús, sem þá er/eru á lóðinni, standa þar áfram, skal greiða leigutaka sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna. Aðilar deila með sér

matskostnaði. Hvor aðili um sig, Reykjavíkurborg og leigutaki, tilnefna sinn hvorn matsmanninn.

10. gr. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á henni verða gerð. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart Reykjavíkurborg með þessum leigusamningi. Brot á lóðarleigusamningi þessum varðar þá sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum og hinn upphaflega leigutaka.
11. gr. Reykjavíkurborg er ekki skuldbundin til að taka við lóð og endurgreiða lóðarhafa verð lóðarinnar (þ.m.t. gatnagerðargjöld) þótt hann hætti af einhverjum ástæðum við að byggja á lóðinni, sbr. 4. tl. 7. gr. almennra reglna um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar.
12. gr. Rísi ágreiningur um lóðarleigusamning þennan skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
13. gr. Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu á lóðarleigusamningi þessum.
14. gr. Með undirritun sinni lýsir leigutaki því yfir að hann gengur að þessum leiguskiðmálum og skuldbindur sig til að halda þá í öllum greinum.
15. gr. Af lóðarleigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.



Reykjavík 27. ágúst 2018.

Sonja Wium

F.h. Reykjavíkurborgar
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Adriana Þors

Fh. IP eignarhalds ehf.


Vottar að rétttri dagsetningu,
undirskrift og fjárræði leigutaka:

Anda B. Jónsdóttir 2710714509

Kt.

Alexandra Jóhannsdóttir 0788-2339

Kt.



Mæliblað 2.498.2

Reykjavík, 1:500

Útrentun þarf ekki að vera löppgen á milli vegna

Nr.	X - hnit	Y - hnit
110	365771.8836	407228.0003
111	365726.7170	407226.4910
112	365710.4808	407207.1743
113	365707.4211	407209.7508
114	365704.8446	407206.6911
115	365707.9043	407204.1146
116	365702.8643	407198.1199
117	365704.3940	407187.6141
118	365766.7124	407143.6296
B05	365714.3024	407192.8607
B06	365725.8352	407209.2006
B07	365766.6851	407180.3686
B08	365755.1523	407164.0287

Sambýkkir sem þetta mæliblað, útgífið 20. 10. 2008, útsgrá á VSO Ráðgjöf verkfræðisstofa trúmáttinnur þetta mæliblað. Sjá deiliskipulag sem sambýkkir var í borgarráði 30. ágúst 2007. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var ort í B-deild Stjórnartíðinda þann 17. des. 2007.

Fjöldi, lragangur og staðsetning bílastæða se í samræmi við gildandi deiliskipulag

BYGGINGAREITUR

HLUTAFÉLAGASKRÁ, GILDANDI SKRÁNING

IP Eignarhald hf.

Skýrsla sótt: 14.09.2018 13:51

Kennitala	590399-2649	Rekstrarform	Hlutafélag, almennt (hf)
Aðsetur	Fiskislóð 29	Póstnúmer	101 Reykjavík
Starfsemi	Starfsemi eignarhaldsfélaga (64200)		

Upplýsingar úr hlutafélagaskrá

Stofndagsetning	19.03.1999	Skráningardagsetning	22.03.1999
Gögn uppfærð	14.09.2018	Erlent aukaheiti	
Dagsetning samþykktá	14.06.2017	Lögheimili	Fiskislóð 29, 101 Reykjavík

Stjórn félagsins skipa eftirtaldir samkvæmt fundi dags: 14.06.2017

Kennitala	Nafn og staða	Heimilisfang	Hlutafélagapátttaka
111170-3049	Jón Ósmann Arason (Stjórnarformaður)	Kanada	(10)
230666-4829	Elisabet Jónsdóttir (Meðstjórnandi)	Vesturbrún 2, 104 Reykjavík	(8)
070788-2339	Alexandra Jóhannesdóttir (Meðstjórnandi)	Tangabryggja 10, 110 Reykjavík	(4)

Firmað rita:

Tveir stjórnarmenn saman

Framkvæmdastjórn

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Hlutafélagapátttaka
230666-4829	Elisabet Jónsdóttir	Vesturbrún 2, 104 Reykjavík	(8)

Prókúruumboð

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Hlutafélagapátttaka
111170-3049	Jón Ósmann Arason	Kanada	(10)
230666-4829	Elisabet Jónsdóttir	Vesturbrún 2, 104 Reykjavík	(8)

Endurskoðendur/skoðunarmenn

Kennitala	Nafn og staða	Heimilisfang	Hlutafélagapátttaka
520902-2010	Ernst & Young ehf. ()	Borgartúni 30, 105 Reykjavík	

Hlutafé: ISK 13.500.000

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já

Lausnarskylda á hlutum: Nei

Tilgangur

Tilgangur félagsins er starfsemi eignarhaldsfélags, svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Stofnendur

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Hlutafélagabáttaka
191051-2979	Guðrún Steinsdóttir	Vogatunga 9, 200 Kópavogi	(1)
091150-3609	Guðmundur Ágúst Guðmundsson	Vogatunga 9, 200 Kópavogi	(1)

Ofangreindar upplýsingar eru unnar eftir fastmótuðum reglum af starfsmönnum Creditinfo. Reynt er að gæta þess að upplýsingar séu ávallt sem réttastar en sá fyrirvari er hér gerður að ekki er hægt að ábyrgjast að svo sé.

Þessi lína verður að fylgja prentuðum gögnum: N. 522793572 D. 2018-09-14 13:51:56